

Til félaga með lið í deildakeppni BLÍ



Reykjavík, 26. september 2012.

Kæri forsvarsmaður,

Að gefnu tilefni er sent hér bréf vegna leikmannaleyfa og talningu leikja leikmanna í félagsliðum. Þessar vinnureglur eru til viðmiðunar fyrir þau félög sem þurfa að nýta regluna um sjö leikjahæstu leikmenn og er þeim félögum sérstaklega bent á að fylgja reglugerðum um notkun leikmanna.

Leikmannaleyfi

BLÍ gefur út leikmannaleyfi fyrir hvert lið í deildakeppni BLÍ 2012-2013. Á leyfinu er listi þeirra leikmanna sem mega spila með viðkomandi liði. Leikmaður má vera skráður á að **hámarki tveimur leyfum** að því gefnu að reglan um sjö leikjahæstu leikmenn sé notuð. Sé viðkomandi leikmaður meðal sjö leikjahæstu í liði sama félags í deild fyrir ofan hefur leikmaður ekki leyfi til að spila með liðinu, þrátt fyrir að vera skráður á leikmannaleyfið.

Leikmenn 3. flokks og yngri þarf ekki að skrá á leikmannaleyfi þar sem leikmenn þess flokks eru undanþegnir reglunni um 7 leikjahæstu leikmenn.

Þjálfari og/eða forsvarsmaður hvers liðs er ábyrgur fyrir talningu leikja og að fara eftir settum reglum.

Talning leikja

Þeir leikmenn sem byrja leik eða koma inná í leik með sínu liði teljast hafa spilað þann leik. Við talningu leikja skal miða við það. Ef fleiri en 7 leikmenn eru með jafnmarga og flesta leiki skal telja hrinur hjá þeim leikmönnum til að skera úr um hvaða leikmenn eru **EKKI** meðal sjö leikjahæstu. Leikmaður má aldrei leika með tveimur liðum innan sömu deildar.

Dæmi: Alls 9 leikmenn eru búnir að taka þátt í 4 leikjum sem voru 20 hrinur. Tveir leikmenn (af þessum 9 leikmönnum) hafa aðeins komið inná eða leikið í 10 hrinum og 8 hrinum og eru þeir tveir leikmenn ekki meðal sjö leikjahæstu, skv. talningu hrina.

Þjálfarar eru ábyrgir fyrir sín lið í talningu leikja sinna leikmanna. Byrjunarlið og frelsingi eru sjö leikmenn og leiða má líkur að því að þessir sjö leikmenn séu með flesta leiki eftir nokkrar umferðir, ef sama byrjunarlið er í hverjum leik.

Virðingarfyllst,

Mótanefnd BLÍ